

Þunglyndi drengja sýnilegra en stúlkna

Linda Dögg Hólm, ráðgjafi hjá Geðhjálp, segir að þunglyndi drengja brjótist oftast út sem hegðunarvandamál en þunglyndi stúlkna. Það skýri mögulega hvers vegna drengir eru meðhöndlaðir með lyfjum frekar en stúlkur. Mun fleiri hafa leitað aðstoðar Geðhjalpar nú en í fyrra.

Bjarni Sigurðsson lyfjafræðingur hefur rannsakað lyfjanotkun karla og kvenna og stýðst við gögn úr lyfjagagnagrunni landlæknis. Komið hefur í ljós að drengir á aldrinum 0-11 ára eru fremur meðhöndlaðir með lyfjum við þunglyndi en stúlkur. Nýjustu rannsóknir sýna að þunglyndi er álíka algengt hjá konum og körlum.

Linda segir að þunglyndi brjótist út á ólíkan hátt hjá strákum og stelpum. „Vandamál stúlkna koma ekki fram á svona úthverfan hátt, þær eru meira svona inni sér ef þeim líður illa, drengirnir vekja meiri athygli á sér og þar af leiðandi fá þeir meðferðina.“

Linda segir að þunglyndi sé álíka algengt hjá stelpum og strákum fram að kynþroskaaldri en það brýst frekar út sem hegðunarvandamál hjá drengjum og er því sýnilegra. Málið virðist snúast við þegar börnin eru orðin fullorðin því þá sýna tölur að konur nota 70 prósentum meira af þunglyndislyfjum en karlar. Linda segir að hún hafi orðið vör við að karlar leiti síður aðstoðar en konur. „Ég hitti síðast karlmann í dag sem var ekki tilbúinn að fara á lyf en var tilbúinn til að leita sér einhverra annarra leiða. Ég hef heyrt um karlmenn sem fela lyfin sín af því að þeir skammast sín fyrir að taka þau. Ég held að þeir séu undir meiri pressu.“

Geðhjálp veitir fría ráðgjöf fyrir fólk sem veit ekki hvert það á að snúa sér. Linda segir að þeir sem leiti til þeirra séu oft með mikil einkenni þunglyndis án þess að gera sér grein fyrir því. Margir haldi að allt sé í lagi ef þeir komast til vinnu. Mun fleiri hafi leitað til Geðhjalpar nú en í fyrra. „Frá því 1. janúar hafa komið 506 erindi inn á borð til mín, bæði í viðtölum og símtölum sem ég hef verið að sinna,“ segir Linda. „Það er meira en í fyrra og sérstaklega ef við tökum þetta meðaltal á mánuði þá verður aukningin um 100 erindi.“